



**Markaðsstofa Suðurlands**

## Fundargerð

7. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 8:30 þriðjudaginn 7. mars og var að þessu sinni símafundur.

Fundinn sátu:

*Dagný Hulda Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands*  
*Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf*  
*Sigurlaug Gissuradóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu*  
*Þórður Freyr Sigurðsson, fulltrúi SASS*  
*Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi SASS*  
*Sigurður Rafn Hilmarsson, Fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands*  
*Magnús Bragason, Fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands*  
*Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

## Dagskrá:

- Breytingar á samþykktum MSS
- Rekstraráætlun 2017
- Verkefni sl. mánaðar
- Verkefni framundan
- Önnur mál

### [Breytingar á samþykktum MSS](#)

Ása Valdís, formaður stjórnar, leggur fyrir tillögur um breytingar á 7. grein samþykkt MSS.

### **Núverandi 7. grein samþykkt MSS:**

*Stjórn stofnunarinnar skal skipuð sex mönnum og fjórum til vara. Stjórnin skal skipuð til eins árs í senn með eftirfarandi hætti: Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af hálfu Ferðamálasamtaka Suðurlands, tveir af hálfu Samtökum Sunnlenskra Sveitarfélaga, einn af hálfu Markaðstofu Suðurlands ehf. og einn stjórnarmaður skal skipaður frá Ferðamálafélagi Austur Skaftafellssýslu. Einn varamaður skal skipaður af hverjum stofnaðila. Fyrsta stjórn Markaðsstofu Suðurlands ses. skal skipuð á stofnfundi og skal sú stjórn starfa fram að fyrsta ársfundi stofnunarinnar. Falli atkvæði á jöfnu skal atkvæði formanns ráða.*

*Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og velur hún sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd stofnunarinnar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi.*

*Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.*

*Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.*

#### **Tillaga að breytingu á 7. grein samþykka MSS:**

*Stjórn Markaðsstofunnar skal skipuð sex mönnum og fjórum til vara til eins árs í senn með eftirfarandi hætti: Tveir stjórnarmenn og einn til vara skulu kosnir á aðalfundi Markaðsstofu Suðurlands ses. fyrir hönd Ferðamálasamtaka Suðurlands, tveir stjórnarmenn og einn til vara skulu tilnefndir af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, einn stjórnarmaður og einn til vara tilnefndir af Visit South Iceland ehf. og einn stjórnarmaður og einn til vara tilnefndir af Ferðamálafélagi Austur Skaftafellssýslu. Á aðalfundi eiga öll aðildarfyrirtæki Markaðsstofunnar eitt atkvæði hvert og geta því kosið tvo stjórnarmenn og einn til vara fyrir hönd Ferðamálasamtaka Suðurlands.*

*Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og velur hún sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera. Stjórnin stýrir öllum málefnum Markaðsstofunnar og kemur fram út á við fyrir hennar hönd. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúru umboð fyrir stofnunina.*

*Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Falli atkvæði á jöfnu við afgreiðslu stjórnar skal atkvæði formanns ráða. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.*

Stjórn leggur til að einnig verði gerðar breytingar á samþykktum MSS þess efnis að þar sem notað er orðið „félag“ í samþykktum verði skipt yfir í „stofnun“. Því þarf að breyta eftirfarandi greinum:

#### **Núverandi 1. grein samþykka MSS:**

*Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn þess Markaðsstofa Suðurlands ses. Hjáheiti félagsins er Visit South Iceland.*

#### **Tillaga að breytingu á 1. grein samþykka MSS:**

*Stofnunin er sjálfseignarstofnun og er nafn hennar Markaðsstofa Suðurlands ses. Hjáheiti stofnunarinnar er Visit South Iceland.*

#### **Núverandi 3. grein samþykka MSS:**

*Tilgangur stofnunarinnar er að efla markaðsstarf á Suðurlandi með sérstakri áherslu á að auka atvinnustarfsemi og gjalddeyrstekjur á Suðurlandi. Tilgangur félagsins er að efla samstarf atvinnulífsins, sveitarfélaga, ríkisvaldsins og stoðkerfisins með öflugum markaðsstarfi innanlands sem utan með það að markmiði að bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu eða atvinnustarfsemi á svæðinu. Tilgangur stofnunarinnar er því hvers konar markaðs-*

og kynningarstarf til að stuðla að því að byggð og fjölbreytt atvinnu- og búsetuskilyrði verði til staðar á landsvæðinu öllu.

#### **Tillaga að breytingu á 3. grein samþykkt MSS:**

*Tilgangur stofnunarinnar er að efla markaðsstarf á Suðurlandi með sérstakri áherslu á að auka atvinnustarfsemi og gjaldeyristekjur á Suðurlandi. Tilgangur stofnunarinnar er að efla samstarf atvinnulífsins, sveitarfélaga, ríkisvaldsins og stoðkerfisins með öflugum markaðsstarfi innanlands sem utan með það að markmiði að bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu eða atvinnustarfsemi á svæðinu. Tilgangur stofnunarinnar er því hvers konar markaðs- og kynningarstarf til að stuðla að því að byggð og fjölbreytt atvinnu- og búsetuskilyrði verði til staðar á landsvæðinu öllu.*

#### **Núverandi 10. grein samþykkt MSS:**

*Stjórn stofnunarinnar skal velja tvo skoðunarmenn reikninga ásamt tveimur varamönnum til að yfirfara reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.*

#### **Tillaga að breytingu á 10. grein samþykkt MSS:**

*Stjórn stofnunarinnar skal velja tvo skoðunarmenn reikninga ásamt tveimur varamönnum til að yfirfara reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna stofnunarinnar.*

#### **Núverandi 12. grein samþykkt MSS:**

*Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greindir í 3. gr. Samþykkt þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.*

*Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.*

#### **Tillaga að breytingu á 12. grein samþykkt MSS:**

*Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greindir í 3. gr. Samþykkt þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.*

*Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum stofnunarinnar eða fært á næsta reikningsár.*

Stjórn samþykkir þessar breytingar á samþykktum samhljóða.

Samþykkja þarf þessar breytingartillögur á tveimur stjórnarfundum, tillagan verður því tekin aftur fyrir á næsta stjórnarfundum sem haldinn verður eftir viku.

## Rekstraráætlun 2017

- Stærri samningur vegna aukinna verkefna í samstarfi MSS og SASS var samþykktur í stjórn SASS, fer úr 3 milljónum á ári í 5 milljónir.
- Aukin verkefni koma til vegna DMP og verkefnis um kjarnaveitur, þeim fylgja 10 milljónir.
- Fjármagn frá sveitarfélögum á Suðurlandi til MSS er um 9 milljónir samanborið við að Markaðsstofa Norðurlands fær um 17 milljónir frá sveitarfélögunum. Samningar við sveitarfélögin eru lausir í haust.
- Aukin þörf fyrir starfsmenn og mörg verkefni framundan sem krefjast fleiri handa. Talsverð umræða fór fram um þetta, t.d. staðsetningu starfsmanns og var framkvæmdastjóra falið að skoða þetta áfram.

## Verkefni sl. mán

### DMP vinna

Búin að fara fram ýmis innri vinna og vangaveltur um verkefnið. Fundir með svæðisráði annars vegar og sveitarstjórnnum (Hnappavellir, Selfoss, Hvolsvöllur) hins vegar. Fjármögnun verkefnisins hefur verið til umræðu og staðfestingar hjá Ferðamálastofu.

### SASS samstarf

Áframhaldandi vinna í föstum verkefnum, teyllum og ráðgjafahóp. Vinna við ýmis önnur verkefni, t.d. áhersluverkefni, ráðstefnur og fleira.

- Verkefni um **samræmingu korta** á Suðurlandi er komið vel á veg.
- Í verkefni um **Sunnlenskar vörur** er fyrsta áfanga að ljúka.
- Verkefni um **tekjur sveitarfélaga** er langt komið.

### MAS samstarf

Fundur var haldinn á Vesturlandi í febrúar. Umræður um fjármögnun, fund með ráðherra, landshlutabækur (mögulegar lausnir) og eflingu heimasíða. Óskað var eftir samstarfi við MAS um fjárfestingarráðstefnu, til skoðunar að hafa þann fókus á haustráðstefnum annað hvert ár.

- Fulltrúar MAS áttu fund með ráðherra þar sem farið var yfir málefni markaðsstofanna og fengu þeir góðan hljómgrunn.

### Kjarnaveitur

Vinna heldur áfram innan teymis um öryggismál ferðamanna.

### Árshátíð MSS

Dagskrá málþings liggur fyrir og búið er að skipuleggja kvöldskemmtun og bóka veislustjórn og tónlistarflutning. Heiðursgestur kvöldsins verður Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu.

### Kynningar

Framkvæmdastjóri hélt kynningu á MSS og markaðsgreiningunni fyrir nemendum í staðarleiðsögn og

á vetrarfundum Markaðsstofu Reykjaness. Upptöku af vetrarfundinum má finna á vefnum.

### **Samstarfsyfirlýsing með Íslandsstofu**

Yfirlýsing um samstarf Markaðsstofa landshlutanna við Íslandsstofu var undirrituð með viðhöfn á stórum fundi sem haldinn var um kynningar- og markaðsstarf erlendis undir yfirskriftinni „Er ímynd Íslands að breytast?“ á vegum Íslandsstofu á Grand Hótel.

### **Heimasíða og samfélagsmiðlar**

Unnið er stöðugt að fjölmiðlafyrirspurnum, samfélagsmiðlum, endurbótum á heimasíðu og fleiru. Í mánuðinum fór sveitarfélagasíða Ölfus í loftið. Hér er hlekkur á hana:

<http://www.south.is/en/inspiration/towns/olfus>

### **Fundir, málþing og önnur verkefni**

- Fundur með South Guide þar sem skoðaðir voru möguleikar um samstarf í framhaldi. Lausnir í skoðun fyrir útgáfu næsta landshlutabæklings.
- Eftirfylgni eftir Mid-Atlantic, fundir teknir saman og fyrirspurnum svarað. Tvær FAM ferðir eru í vinnslu út frá markhópum sem komu fram í markaðsgreiningunni (fyrir fjölskyldufólk og ævintýragjarna ferðamenn) og áhugi starfsfólks erlendra ferðaskrifstofa var kannaður á sýningunni.
- Fulltrúar MSS voru boðaðir á fund með hagsmunaaðilum varðandi opnanir/lokanir á hálendi á vorin og haustin. Leitað var eftir sátt og samtali aðila, MSS var boðuð sem fulltrúi ferðaþjónustunnar á svæðinu.
- Málþing var haldið á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um ferðaþjónustu og sóttu Dagný og Þorsteinn þingið fyrir hönd teyma SASS.
- Haustið 2014 var lögð fyrir könnun meðal aðila um áherslur í starfsemi MSS og var sambærileg könnun endurtekin nú í vetur. Niðurstöður könnunar eru komnar og er aukin ánægja með flesta þætti starfseminnar.

### **Verkefni framundan**

#### **MAS samstarf**

Áframhaldandi stefnumótunarvinna framundan og vinna að sameiginlegum hagsmunum. Önnur mál til umræðu verða; heimasíðurnar, landshlutabæklingar, fjármögnun, Íslandsstofa/Ferðamálastofa/Stjórnstöð ferðamála, DMP, innra samstarfið og fleira.

#### **Vefur og miðlar/fjölmiðlar**

Áframhaldandi vinna við heimasíðu, sveitarfélagasíður og fleira. Markaðsáætlun 2017 er í vinnslu. Reglulega koma inn fjölmiðlafyrirspurnir en oft eins og þær komi í bylgjum. Farið var í að kaupa

myndband frá erlendum aðila sem verður merkt MSS, kostnaður talsvert lægri heldur en að fara í sér framleiðslu fyrir MSS eingöngu.

### **Árshátíð og aðalfundur MSS**

Nú þegar fer að stytast í viðburðinn þá fer undirbúningur á fullt.

### **Námskeið í framhaldi af markaðsgreiningu**

Haldin verða námskeið fyrir ferðaþjónustuaðila um hvernig fyrirtæki geta nýtt sér niðurstöður greiningarinnar. Búið er að auglýsa námskeið dagana 7. mars – 9. mars. Fáar skráningar eru komnar í Vík og á Höfn, en fleiri á Selfossi. Sigurlaug bendir á að apríl sé ef til vill hentugri fyrir ferðaþjónustuaðila á Höfn, skoða að halda námskeið þá.

### **Kynningarmál**

- Framkvæmdastjóri fer á **vinnustofu** í Kanada á vegum Íslandsstofu í byrjun apríl. Vinnustofur verða haldnar í 5 borgum á 6 dögum. Undirbúningur er hafinn.
- Verið er að skipuleggja og undirbúa tvær FAM ferðir út frá markhópum sem farnar verða í haust ef þátttaka fæst.

### **Samstarfsverkefni SASS**

Unnið er áfram að ákveðnum verkefnum, s.s. úthlutun úr uppbyggingarsjóð, teymi/hópar á ýmsum sviðum, áhersluverkefni ásamt annarri vinnu.

### **DMP**

Verkefni vegna DMP vinnu með Stjórnstöð ferðamála halda áfram. Kynningafundur verður haldinn í Vestmannaeyjum sem fyrst. Ráðning verkefnisstjóra er framundan, umsóknarfrestur er liðinn. Vinnustofur um fyrirkomulag vinnu við DMP verða haldnar um miðjan mars, framkvæmdastjóri og fulltrúar svæða sækja þær vinnustofur þar sem ekki er búið að ganga frá ráðningu.

### **MSS**

- Nokkur fyrirtæki hafa komið inn síðustu daga/vikur og eru það mest minni fyrirtæki. Áfram unnið í því að styrkja samstarf við aðildarfyrirtæki ásamt aðlögun gjaldskrár út frá reynslu nýrrar gjaldskrár (fyrir innheimtu í sumar).
- Rædd voru verkefni 2017 og mannaður til að sinna þeim. Óvissa um fjármagn fer vonandi að komast á hreint og verður þá hægt að sjá hvort bætt verður við starfsmanni.
- Húsnæðismálin voru rædd, komin lausn í Fjölheimum sem rúmar alla starfsmenn og verður til þess að leiga hækkar. Stjórn samþykkir að fara í stærra rými þar sem allir starfsmenn geta verið saman.

## Önnur mál

### **Stjórnarfundir**

Vonandi næst að halda stjórnarfund í Vestmannaeyjum með vorinu. Ákveðið var að ný stjórn myndi finna tíma fyrir hann.

Rætt var um að stofnendur þurfi að tilnefna aðila í stjórn og framkvæmdastjóri kalli eftir framboðum frá aðildarfyrirtækjum ef stjórn samþykkir breytingar á samþykktum á næsta fundi. Einnig þarf að tilnefna skoðunarmenn.